

# Ársskýrsla Íþróttadeildar 2014



Íþróttadeild HRFÍ  
Hundafimi.is

Skýrsla stjórnar 2014

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 19. Mars 2015

## **Stjórn:**

Anna Birna Björnsdóttir – Formaður

Rúnar Tryggvason – Ritari

Monika Karlsdóttir – Gjaldkeri

Anna Hermannsdóttir – Meðstjórnandi

Silja Unnarsdóttir – Meðstjórnandi

---

## **Stjórnarskýrsla 2014**

Á árinu voru haldin 3 mót þar sem að keppendur voru í öllum stærðarflokkum og erfiðleikaflokkum. Áætlað var að halda 4 en vegna lélegrar þáttöku þá var síðasta mótinu sem að halda átti í nóv aflýst. Keppnirnar voru haldnar í mars, maí og október.

Dómarar voru Monika Karlsdóttir og Ragnar Sigurjónson.

Styrkaraðilar okkar á þessum keppnum voru Lýsi hf, Ölgerðinn Egill Skallagrímsson, Sláturfélag Suðurlands, Lífland hf. Þökkum við þeim kærlega fyrir veglega styrki á árinu.

Sú nýbreytni var tekin upp að farið var að halda bronspróf í hundafimi í hvert skifti sem að haldin voru mót og var þessari nýbreytni vel tekið. Ef staðist er bronsprófið þá fá keppendur brons medalíu til eignar. Einnig var haldið bronspróf á Reykjavík Winner show HRFI í júní og var mjög góð þáttaka á þessu bronsprófi. Það að hafa staðist bronspróf í hundafimi gefur fólki rétt á að mæta í opnu tímana og æfa með þeim sem að hafa farið á grunnnámskeið i hundafimi. Á árinu voru veitt 9 bronsmerki.

4 grunn námskeið í hundafimi voru haldin á árinu. 17 hundar útskrifuðust með eigendum sínum og hafa nokkrir af þeim haldið áfram að æfa í opnu tímunum með góðum árangri.

Árshátíð Íþróttadeildar var haldin í lok maí á veitingastaðnum Horninu.

Á árshátíðinni eru veitt verðlaun fyrir bestu mætingu á árinu og mesta framför á árinu, farandbikar sem að heitir Skugginn.. Í ár fengu Berglind Reynisdóttir og Grímur verðlaunapeninginn fyrir mestu mætinguna. Skuggann í þetta sinn fengu Steinunn Huld Atladóttir og Kolur. Á árshátíðinni er haldin tombóla og voru styrktaraðilar okkar Lífland, Lýsi hf, Ölgerðin Egill Skallagrímsson, Pet head, Júlíus K-9, Artic trading Company.

Þökkum við þeim kærlega fyrir glæsilega vinninga.

Takk fyrir

## Stigahæstu hundar ársins 2014 í hundafimi

### **AG1 – litlir**

Stefanía Björgvinsdóttir – Snædís 20 stig

### **AG1 – meðalstórir**

Engin stig

### **AG1 – stórir**

Stefanía Björgvinsdóttir – Nala 20 stig

Anna Sigríður Einarsdóttir – Skutla 18 stig

### **AG1 Öldungur – meðalstórir**

Anna Jónsdóttir – Sprúttu 10 stig

### **AG2 – meðalstórir**

Anna Birna Björnsdóttir – Sunna Sól 20 stig

### **AG2 – stórir**

Stefanía Björgvinsdóttir – Díma 10 stig

### **AG3 Öldungur – stórir**

Berglind Reynisdóttir – Grímur 10 stig

### **JU1 – litlir**

Stefanía Björgvinsdóttir – Snædís 10 stig

### **JU1 – meðalstórir**

Steinunn Huld Atladóttir – Kolar 10 stig

Monika Karlsdóttir – Hófi 10 stig

### **JU1 - stórir**

Stefanía Björgvinsdóttir – Nala 31 stig

Anna Sigríður Einarsdóttir – Skutla 16 stig

### **JU2 – meðalstórir**

Anna Birna Björnsdóttir – Sunna Sól 10 stig

### **JU2 – stórir**

Stefanía Björgvinsdóttir – Díma 30 stig

Berglind Reynisdóttir – Grímur 8 stig

### **JU3 – meðalstórir**

Anna Birna Björnsdóttir – Sunna Sól 10 stig

### **JU3Öld – stórir**

Berglind Reynisdóttir – Grímur 10 stig

## Sér uppákoma – Rallý hlýðni

Haldið var afmælishátíð HRFÍ þann 4. september og var einn stjórnarmeðlimur Monika, sem einnig er hlýðni dómari, beðinn um að finna uppá og dæma hlýðni tengd keppni sem myndi henta krökkum. Hún spurði hvort Íþróttadeild mætti vera með Rallý (eftir reglugerð frá USA) því til stóð að byrja með það í náinni framtíð innan deildarinnar og gert er ráð fyrir barnaflokkum í reglugerðinni og því passaði þetta mjög vel. Framkvæmd HRFÍ fannst þetta spennandi en nafnið Rallý aðeins of fráhrindandi og við skýrðum þetta á íslensku Hlýðniþrautakeppni fyrir þessa uppákomu. Ákveðið var að sjá hvort þessu yrði vel tekið sem sport. Það reyndust vera mjög jákvæðar undirteknir bæði hjá krökkum, foreldrum og öðrum áhorfendum. Keppt var í þremur aldursflokkum og mátti yngsti flokkurinn hafa foreldri með sér í gegnum þrautagönguna. Einsog áður sagði dæmdu Monika Karlsdóttir þetta Rallý mót, undirbjó og hannaði skilti fyrir deildina. Því miður var lítið sem ekkert var tekið af myndum því mikið var í gangi á hátíðinni.

Strax eftir keppni var Íþróttadeild beðin um að endilega halda áfram að vera með Rallý keppni fyrir alla, sem við vonumst til að geta gert á þessu ári. Þar sem þetta verður ekki viðurkennd keppni í byrjun mun ágóði renna til deildarinnar. Vantar okkur einmitt fólk innan deildarinnar til að taka að sér smá undirbúningsvinnu fyrir keppnir.

Kynning á hundafimi var haldin strax að lokinni rallý keppni og viljum við þakka öllum þeim sem komu með stuttum fyrirvara að hjálpa okkur í uppsetningu og sýningu á hundafimi.

Æfingar sem fram komu í fyrstu rallý keppni deildarinnar voru.

8 ára og yngri: Ganga í taum, ganga með hundinn á hæl á milli þriggja keila, beygja til hægri, beygja til vinstri, standa eða sitja.

9-12 ára: Ganga í taum, ganga með hundinn á hæl á milli þriggja keila, beygja til hægri, beygja til vinstri, standa, sitja, liggja.

13-16 ára: Ganga í taum, ganga með hundinn á hæl á milli fimm keilna, beygja til hægri, beygja til vinstri, heilsnúningur (snúa með hund í hring), standa, sitja, liggja, hoppa yfir hindrun (í lægstu stöðu).

Allir byrja með 200 stig og dæmd eru burt stig eftir því sem við á. Möguleiki var að ná 10 aukastig fyrir bónus æfingu í eldri flokkunum ef þeir vildu prófa. Ef stigin eru jöfn er það tíminn sem sker úr um sæti. Í Rallý er leyfilegt að tala við hundinn og verðlauna á milli æfinga sama hvaða aldursflokk keppt er í. Þetta gekk alveg rosalega vel hjá öllum og lítill munur á stigin. Má einnig nefna sérstaklega að okkar góðkenni Grím brilleraði með 6 ára eigandanum sínum Hrafnhildi sem ákvað að hún vildi ganga brautina alein með hann. Voru þau ein um að ná fullt hús stiga og yndislegt að horfa á þau saman. Óskum við þeim ásamt öllum keppendum innilega til hamingju með frábæran árangur og vonumst til að sjá þau keppa aftur innan deildarinnar á komandi árum. Við fengum lánaðan eina mynd sem foreldri hennar tók.



#### 8 ára og yngri

1 sæti – Hrafnhildur 6 ára og Grímur 200 stig

2 sæti – Kolbeinn Nói 6 ára og Skrúður 199 stig

Deilt 3 sæti – Guðrún Embla 7 ára og Hvar er Fuglinn Lotta 186 stig

3 sæti – Karlotta 5 ára og Monroe 186 stig

#### 9-12 ára

1 sæti - Eygló Ylfa 12 ára og Katla 193 stig

2 sæti – Brynjar 10 ára og Bella 191 stig

#### 13-16 ára

1 sæti – Sunna 13 ára og Kasper 207 stig og 52 sekúndur

2 sæti – Ingólfur 15 ára og Kátur 207 stig og 1 mín. 15 sek.